



E 20/2017

Fyrirspyrjandi Helge André Njåstad (FrP)
Til Ríkisstjórn Norðurlanda

Til ríkisstjórn Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um norrænt samstarf um innkaup á lyfjum

Nýja lyfið Spinraza hefur verið til umfjöllunar í norskum fjölmiðlum undanfarið. Lyfið er framleitt af fyrirtækinu Biogen og getur gagnast einstaklingum með taugahrörnunarsjúkdóminn SMA (e. *spinal muscular atrophy*), sem veldur banvænni eða mjög hamlandi rýrnun í vöðvum. Skammtur af lyfinu kostar nú eina milljón norskra króna. Yfirvöld í Noregi telja að þessi verðlagning sé siðferðislega óverjandi og að ekki sé rétt að flytja lyfið inn til landsins á uppsettu verði. Nánari upplýsingar eru í þessari frétt (á norsku): <http://www.tv2.no/a/9435942/>

Norrænu löndin eru lítil hvert um sig og ekki hlaupið að því fyrir þau að fá hagstætt verð hjá lyfjaframleiðendum. Ef Norðurlönd tækju höndum saman um að semja um og ganga frá kaupum á lyfjum myndum við fá hagstæðara verð, sem gæti leitt til þess að fleiri sjúklingar hefðu aðgang að lyfjum sem eru lífsnauðsynleg fyrir þá.

Slíkt samstarf um innkaup myndi einnig stuðla að auknum stöðugleika í dreifingu lífsnauðsynlegra lyfja til sjúklinga í viðkvæmri stöðu, en undanfarin ár hefur oftsinnis verið greint frá því í fjölmiðlum að lyfjabirgðir hafi klárast.

Með hliðsjón af framangreindu vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórn Norðurlanda:

- Munu norrænu löndin taka frumkvæði að norrænu samstarfi um innkaup á dýrum lyfjum?

Helsinki, 30. október 2017

Helge André Njåstad (FrP)